

Að skrifa smásögu – gátlisti

Kæri upprennandi rithöfundur!

Við viljum byrja á því að hrósa þér fyrir að skoða þennan gátlista en það er fyrsta skrefið í að skrifa góða smásögu.

Allir rithöfundar vita að það er mikil vinna að skrifa sögur sem heilla lesendur og langoftast skrifa þeir nokkur uppköst af sögunni sinni áður en þeir verða ánægðir með hana. Vertu undir það búin/n að þurfa að gera það líka en hér koma nokkur góð ráð sem gott er að hafa í huga meðan þú skrifar:

1. Byrjaðu á hugmyndavinnunni. Búðu til beinagrind með því að sjá fyrir þér helstu atriði sögunnar, (þetta er kallað atburðarás eða söguþráður) í huganum eða á blaði, og prófaðu að segja öðrum hana áður en þú byrjar að skrifa. Þú þarft ekki að segja hana í smáatriðum, þeim getur þú bætt inn seinna.
2. Skrifaðu um viðfangsefni sem þú þekkir mjög vel eða langar mikið til að skrifa um. Það getur auðveldað þér að hafa frásögnina nákvæmari og ríkari af smáatriðum. Með smáatriðum og fjölbreyttum lýsingarorðum nærð þú að skapa og búa til skýra mynd af sögu-sviðinu (hvar sagan gerist og á hvaða tíma) og sögupersónunum (t.d. hvernig þær líta út, hegða sér og líður).
3. Mundu að lesandinn veit ekki allt sem þú veist um söguna sem þú ætlar að skrifa. Gættu þess að hafa söguþráðinn skýran og að lesandinn fái allar nauðsynlegar upplýsingar til að geta fylgt söguþræðinum eftir.
4. Ekki hafa áhyggjur af málfræði og stafsetningu þegar þú ert að ná sögunni úr kollinum og niður á blað – það er hægt að laga hvort tveggja seinna.
5. Einu sinni var ... er dæmigerð byrjun ef þú ætlar að skrifa ævintýri. Smásögur eru ekki ævintýri og því er hægt að byrja þær á marga mismunandi vegu. Því áhugaverðari sem byrjunin er þeim mun meiri líkur eru á að lesandinn lesi söguna þína til enda!
6. Mundu eftir samheitunum því þau gefa sögunni lit. Í staðinn fyrir að nota mörgum sinnum orð eins og labba þá gætir þú prófað að nota í staðinn orð eins og *ganga, röltu, drattast, lalla, reika, röltu og spássera*. Þau gætu passað betur við það sem þú vilt segja.
7. Ekki má gleyma greinarmerkjum eins og t.d. punkti, kommu og spurningarmerki, og tví-punkti og gæsalöppum sem eru notuð til að skrifa samtöl í sögum (oft kölluð bein ræða).

Þá er það yfirlesturinn!

8. Lestu söguna þína upphátt eftir hvert uppkast og hlustaðu á hana verða sífellt betri og betri – það er góð tilfinning!
9. Láttu lesa yfir hjá þér. Við erum öll misgóð í málfræði og stafsetningu og það er allt í lagi. Ef við ætlum hins vegar að reyna að vinna til verðlauna eða fá smásöguna okkar gefna út, þá er það algjört lykilatriði að láta einhvern fullorðinn lesa söguna vel yfir þar til hún er laus við málfræði- og stafsetningarvillur. Við látum lesa yfir af virðingu við alla vinnuna sem við erum búin að leggja í söguna, vegna lesandans og svo til að vera alveg viss um að merking textans komist rétt til skila.

Hér er rétt að bæta inn tíunda atriðinu fyrir þá sem eru með fullkomnunaráráttu:

10. Þetta er nú ekkert ráð en gangi þér rosalega vel og mundu að æfingin skapar meistarann!

